



Íslandssjóðir hf. – Árshlutauppgjör 2014

Stjórn Íslandssjóða hf., sem rekur verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, hefur staðfest árshlutareikning félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2014.

Afkoma Íslandssjóða hf. fyrstu sex mánuði ársins 2014

- Árshlutareikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur árshlutareikning Íslandssjóða og B-hluta sem inniheldur árshlutareikning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.
- Hagnaður rekstrarfélagsins eftir skatta fyrstu 6 mánuði ársins 2014 er 25 m.kr. samanborið við 146 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður.
- Rekstrargjöld námu 572 m.kr. samanborið við 479 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður og hækkuðu um 19,4%.
- Hreinar rekstrartekjur námu 603 m.kr. samanborið við 662 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður, lækkuðu um 8,9%.
- Eigið fé 30. júní 2014 nam 1.832 m.kr. en var 2.031 m.kr. í ársbyrjun.
- Heildareignir félagsins 30. júní 2014 námu 2.414 m.kr. en voru 2.595 m.kr. í árslok 2013.
- Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 209,6% í lok júní, en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.
- Í lok júní 2014 voru 16 sjóðir í rekstri hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 109.759 milljónum króna samanborið við 117.725 m.kr. í lok árs 2013. Þar af eru 12 verðbréfasjóðir með hreina eign að upphæð 92.010 milljónir króna og 4 fjárfestingarsjóðir með hreina eign að upphæð 17.749 milljónir króna.
- Í ársbyrjun 2014 tók fagfjárfestingsjóðurinn Akur fjárfestingar til starfa en tilkynnt var um stofnun sjóðsins á seinni helmingi 2013. Sjóðurinn er í rekstri Íslandssjóða og hefur fjárfestingargetu uppá 7,3 milljarða króna. Hann telst til framtakssjóða og fjárfestir því einkum í óskráðum hlutabréfum.
- Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af Deloitte ehf. en við könnun kom ekkert fram sem bendir til annars en að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á fyrstu 6 mánuðum ársins 2014.
- Á fyrri hluta ársins störfuðu 18 starfsmenn hjá Íslandssjóðum. Framkvæmdastjóri félagsins er Haraldur Örn Ólafsson.

Lykiltölur í m.kr.

	6 mán. 2014	6 mán. 2013
Hreinar rekstrartekjur	603	662
Rekstrargjöld	572	479
Hagnaður fyrir skatta	31	183
Hagnaður eftir skatta	25	146
Eigið fé	1.832	1.878

Afkoma verðbréfasjóða Íslandssjóða fyrstu sex mánuði ársins

- Tap verðbréfasjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini á fyrstu 6 mánuðum ársins nam 474 m.kr. samanborið við 2.945 m.kr. hagnað fyrstu sex mánuði ársins 2013.
- Hrein eign verðbréfasjóða Íslandssjóða nam 92.010 m.kr. samanborið við 99.018 m.kr. í árslok 2013.

Lykiltölur í m.kr.

	Ríkisskuldabréf - Sjóður 5	Úrvalsvísitala - Sjóður 6	Löng ríkisskuldabréf- Sjóður 7	Heimssafn - Sjóður 12
Hagnaður (tap) tímabilsins	-359	-35	-472	17
Hrein eign í lok tímabils	32.537	375	34.584	987

	Ríkissafn	Veltusafn	Eignasafn	Eignasafn – Ríki og sjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	139	95	-8	-4
Hrein eign í lok tímabils	15.895	3.842	1.039	692

	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Samtals verðbréfasjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	52	81	7	14	-474
Hrein eign í lok tímabils	684	1.060	110	205	92.010

Afkoma fjárfestingarsjóða Íslandssjóða fyrstu sex mánuði ársins

- Tap fjárfestingarsjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini fyrstu sex mánuðina nam 327 m.kr. samanborið við 1.205 m.kr. hagnað fyrstu 6 mánuðina 2013.
- Hrein eign fjárfestingarsjóða Íslandssjóða nam 17.749 m.kr. samanborið við 18.707 m.kr. í árslok 2013.

Lykiltölur í m.kr.

	Fókus - Vextir	ÍS Hlutabréfasjóðurinn	Skuldabréfasafn ÍS	Fyrirtækjasjóðurinn	Samtals fjárfestingarsjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	-22	-283	-23	1	-327
Hrein eign í lok tímabils	4.079	9.398	4.261	11	17.749

Árshlutareikningur félagsins mun liggja frammi hjá Íslandssjóðum hf. Kirkjusandi, 4. hæð og hjá VÍB, Eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, einnig á heimasíðu félagsins: www.islandssjodir.is frá og með 22. ágúst 2014.

Nánari upplýsingar um árshlutareikning Íslandssjóða hf. veitir Haraldur Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri félagsins í síma 440-4593